

## Spurningakönnun 2020

Menntaskólinn á Tröllaskaga var stofnaður haustið 2010 og hefur því starfað 10 skólaár þegar þessi könnun er gerð. Fyrstu annirnar útskrifuðust fáir en fjölgaði frá vorönn 2012. Í þeim hópi eru meðal annarra nemendur sem byrjuðu í fjarnámsverum á Siglufirði og í Ólafsfirði sem starfrækt var veturinn 2009-2010 en enginn hafði verið allan sinn námstíma í skólanum. Fyrstu nemendurnir sem höfðu verið allan sinn námstíma í skólanum útskrifuðust vorið 2013 eða fyrir sjö árum. Útskriftarnemar það ár voru 27. Frá þeim tíma hefur útskriftarnemum fjölgað jafnt og þétt og árið 2015 voru þeir orðnir 42 og árið 2019 útskrifuðust 46 nemendur. Vorið 2020 útskrifuðust 32. Alls hefur 321 nemandi útskrifast frá skólanum vorið 2020.

Könnunin var gerð í Survey Monkey og send öllum stúdentum á þau netföng sem skráð voru í INNU frá námstíma. Send var spurningalistakönnun á 321 nemanda en könnunin var opin á tímabilinu 5. júní - 5. ágúst 2020. Áminning um svörun var send 7 dögum eftir fyrstu útsendingu ef viðkomandi hafði ekki svarað og aftur eftir 14 daga ef viðkomandi hafði ekki svarað. Alls svaraði 151 stúdent könnuninni og því er svarhlutfallið 50%. Gera má ráð fyrir að einhver netfanganna sem skólinn hefur hjá sínum fyrrverandi nemendum séu úrelt, engu að síður fékkst 50% svarhlutfall sem verður að teljast þökkalegt og því hægt að draga ákveðnar ályktanir út frá svörunum.

Lagðar voru fyrir 15 spurningar.

1. Kyn
2. Aldur við útskrift
3. Hvenær útskrifaðist þú?
4. Af hvaða braut útskrifaðist þú?
5. Stundaðir þú nám í öðrum framhaldsskóla en MTR? (opin spurning)
6. Ég var í (hægt að velja fleira en eitt). Valmöguleikar: staðnám, fjarnám, bæði fjarnám og staðnám, frjáls mæting.
7. Hvað gerðir þú eftir að námi lauk?
8. Hvaða nám, hvenær eru áætluð námslok eða hvenær laukstu því námi?
9. Annað eftir útskrift (opin spurning).
10. Breytti námið þitt í MTR atvinnutækifærum? (opin spurning).
11. Hverjir voru helstu kostirnir við námið í MTR? (opin spurning).
12. Hverjir voru helstu gallarnir við námið í MTR? (opin spurning).
13. Myndir þú mæla með MTR við aðra?

14. Núverandi staða þín (hægt að velja fleira en eitt atriði).
15. Annað sem þú vilt taka fram að lokum? (opin spurning).

### Bakgrunnsupplýsingar

- **Kyn:** Af þeim sem svöruðu (N=161) voru 68,94% konur og 31,06% karlar.
- **Aldur við útskrift:** Þegar spurt var um aldur við útskrift reyndust þeir sem svöruðu (N=161) hafa flestir verið á aldrinum 21-29 ára (42,86%) þegar þeir útskrifuðust. 39,13% voru 20 ára eða yngri, 11,8%, 30-39 ára, 4,97% og á aldrinum 40 ára og eldri reyndust vera 6,21%.

### Hvenær útskrifaðist þú?

Flestir sem svöruðu (N=161) höfðu útskrifast 2018 eða 33, 28 árið 2019 og 19 árið 2015. Af heildarhópnum sem svaraði (N=161) höfðu 32% svarenda útskrifast 2015 eða fyrr. Þannig að inn í þessa könnun kom líka svörun frá stúdentum sem svöruðu í fyrri afdrifakönnun skólans frá árinu 2015.

### Ég var í (hægt að velja fleira en eitt). Valmöguleikar: staðnám, fjarnám, bæði fjarnám og staðnám, frjáls mæting.

Af þeim sem svöruðu (N=161) var jafnt hlutfall staðnema og fjarnema (40% hvor hópur), bæði í fjarnámi og staðnámi reyndust vera 17% og 9% í frjálsri mætingu.

### Af hvaða braut útskrifaðist þú?

Af þeim sem svöruðu (N=161) reyndust 43,48% hafa útskrifast af félags- og hugvísindabraut, 21,12% af náttúruvísindabraut, 9,94% af íþróttabraut, 9,94% af listabraut, 7,45% af starfsbraut, 6,83% af stúdentsbraut að loknu starfsnámi og 3,73% af kjörnámsbraut.

### Hvað gerðir þú eftir að námi lauk?

Af þeim sem svöruðu (N=161) fóru 45,9% í frekara nám og 40,3 % fóru í fulla vinnu. Þó má hafa í huga að mögulega miða nemendur við strax eftir útskrift og gera ekki ráð fyrir haustinu.

## Hvaða nám, hvenær eru áætluð námslok eða hvenær laukstu námi?

Hér fyrir neðan má sjá flokkaða svörun (N=72) þeirra sem fóru í frekara nám eftir að útskrift lauk. Leturstærðin gefur til kynna í hvaða nám þau fara helst.



Áhugavert er að sjá af svöruninni (N= 72) að 10% svarenda hafa valið að fara í viðskiptafræði eða hjúkrunarfræði, 8% í sálfræði, 5,5 % í tölvunarfræði og 4,17% í lögreglufræði. Að öðru leyti sjást á þessari mynd vísbendingar um hversu fjölbreyttar námsleiðir stúdentar frá Menntaskólanum á Tröllaskaga velja að loknu námi þar.

### Annað eftir útskrift (opin spurning).

Fimmtíu og einn svaraði þessari spurningu, algengasta svarið var „nei“ en hins vegar komu líka fram svör eins og

„Fór í allskonar námskeið og síðar í nám við HÍ og í sænskum skóla.“

„Full vinna, hus, barn og sit í nokkrum nefndum fyrir hátíðir og veislustjórn.“

„Barneignir og hlutastarf. Fór svo loks í nám í HÍ, haustið 2019, eftir fina pásu af allskonar í 4 ár.“

„Hef unnið a öldrunarheimili og vinn núna á Bráðamóttöku Landspítalans. Er líka að reka nuddstofu sem verktaki inná snyrtistofu.“

„Kláraði stúdetinn eftir að hafi verið að reyna það í 9 ár. MTR hjálpaði mér rosalega mikið við það.“

„fór á sjó.“

### **Stundaðir þú nám í öðrum framhaldsskóla en MTR? (opin spurning).**

Af þeim sem svöruðu (N=128) svaraði meirihlutinn eða 64% já á meðan 36% sögðu nei. Þar sem spurningin er svo opin er greinilegt á nánari svörum að bæði var um að ræða að svarendur höfðu verið í námi annars staðar áður en þeir komu í MTR. Sjá nánar hér fyrir neðan:

- „Ég var í fjarnámi frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla og líka FNV.“
- „Áður en ég byrjaði í MTR var ég í Flensborg og Menntaskóla Kópavogs.“
- „Já var í FSU og FS í staðnámi, sumarfjarnám hjá FÁ. Svo í fjarnámi hjá FÁ samhliða MTR, í áföngum sem voru ekki í boði í MTR. :)“
- „Var búin að stunda nám frá VMA þó nokkrum árum áður en ég hóf nám hjá MTR en eftir ég hóf nám hjá MTR var ég eingöngu í námi þar.“
- „Á undan mtr var ég í fjarnámi hjá fjölbraut Ármúla.“

### **Breytti námið þitt í MTR atvinnutækifærum? (opin spurning)**

Af þeim sem svöruðu þessari spurningu (N=112) töldu 48% námið hafa breytt atvinnutækifærum sínum meðan 45% taldi svo ekki vera. Við nánari skoðun á opnu svörunum má hins vegar sjá svör eins og:

- „Ég veit ekki meið atvinnutækifæri en hjálpaði allavegana með háskólagönguna.“
- „Nei, ekki miklu, frekar opnaði hugarfarið til atvinnu.“
- „Algjörlega, fékk aftur áhuga á námi og fór svo í frekara nám.“
- „Kenni mér ýmislegt og efldi mig í hlutum eins og að vinna vel með öðrum og að geta unnið sjálfstætt.“
- „Já 100%, ég hefði líklega ekki klárað stúdentinn án MTR!“
- „Já, fór að vinna sem flugfreyja hjá Wow air sem gerði kröfu um stúdentspróf og var brú yfir í nám sem mun leiða til framtíðarstarfa.“
- „Fæ meira borgað fyrir að vera stúdent.“
- „Nei ég hélt áfram í námi eftir það og hef unnið sem sjúkraliði síðan ég útskrifaðist úr því námi.“
- „Nei, þetta er því miður orðið þannig í dag að stúdent gerir ekkert fyrir þig þannig séð nema opna möguleika á háskólanámi.“
- „Já ætli það ekki. Með að klára námið þar get ég haldið áfram í nám og þar afleiðandi vonandi endað á vinnumarkaði við það sem eg vil.“
- „Ég er í sömu vinnu og ég var í á meðan ég var í MTR.“

## Hverjir voru helstu kostirnir við námið í MTR? (opin spurning).

Alls svöruðu 135 nemendur þessari spurningu. Orðaský með samantekt þeirra svara má sjá hér fyrir neðan.

### Q11 Hverjir voru helstu kostirnir við námið í MTR?

ekki það eru ekki þegar hentar mér mjög skipulagt það hentaði mér Þægilegt í hverri viku  
Fjarnámið að útskrifast Símatið hægt að að ég er kennarar til að gott Að geta með  
mjög vel líka það Gott aðgengi að Engin lokapróf Engin próf á  
Það var Í manni og að læra Símat góðir kennarar fyrir Hvernig  
Fjarnám frábært nám eins allt ekki lokapróf mér ég lærði Var í MTR að ég  
sem er lokapróf Frábærir kennarar er þar sem ég Sveigjanleiki ég var í  
aðgengi að kennurum mér mjög vel Við eru ekki lokapróf mig verkefni

Við nánari skoðun á opnu svörunum má hins vegar sjá svör eins og:

*Að geta bæði klárað skólann búsett í Noregi og geta verið að vinna fullt með.*

*Góðir kennarar. Stuðningur við nemendur og vikuleg skil.*

*Gat unnið með námi, hentaði vel að geta lært þegar mér hentaði. Símat var mikill kostur fyrir mig þar sem ég þjáist af miklum prófkvíða.*

*Besti skóli sem ég hef verið í! En mér fannst mesti kosturinn að þetta var símatið og hversu vel skipulagðir áfangarnir voru. Það var alltaf skilað verkefni í hverri viku í hverjum áfanga og fannst mér ég læra meira á því heldur en að taka lokapróf.*

*Kennararnir voru yndislegir og yfirleitt snöggir til að svara og aðstoða. Það hentaði mér mjög vel að vera í fjarnami vegna kviðaroskunar og namið gerði mer kleift að klara skólann.*

*fjarnámskosturinn - að geta fengið tækifærið að læra sjálf - sérstaklega í ljósi þess að ég er með ADHD og í skólum með skyldumætingu myndi tíminn minn eyðast í ekkert af því að*

ég gat aldrei einbeitt mér kringum allt fólkið. Ég lærði einnig að mér líkar við stærðfræði og að ég er góð í henni, í MR (menntaskólanum í reykjavík) sannfærðu þau mig að ég væri heimsk af því mér tókst illa að læra með þeirra námsaðferðum, námið í MTR hjálpaði mér að læra hvernig mér hentar best að læra fyrir sjálfan mig.

Hægt að læra hvar sem er svo lengi sem þú ert í netsambandi. Alltaf nóg að gera sem er gott að venjast fyrir framtíðina og maður lærir að skipuleggja.

Allt frábært! Símat finnst mér vera frábært og hentar mér mjög vel. Líka það að fá verkefnin á mánudegi og skila á sunnudögum hentar mjög vel.

að geta verið heima.

Fjarnám, gott skipulag og ódýrt

Að fá heila viku til að skila inn verkefnum gerði það mögulegt að vera í vinnu með náminu

Fjölbreytileikin og frjálsræði þegar kemur að afgangavali

Góðir kennarar, gott staff, auðvelt að fá hjálp og hvatning. Viku loturnar voru mjög þægilegar, námið sjálft var líka áhugavert og grípandi.

Stæðisti kosturinn var að það eru ekki lokapróf. Síðan fannst mér það skipta miklu máli hvað starfsfólkið var allt boðið og búið til að aðstoða og ávalt tilbúið til að finna laus með manni ef eitthvað var.

Hvernig skólinn er settur upp til að henta þörfum hvers og eins og hversu vel var haldið utan um alla nemendur

Fannst allt frábært. En helsti kostur var að það var persónuleg þjónusta þó svo að ég hafi verið fjarnemi

Andrúmsloftið og hversu létt var yfir öllum er það sem stendur alltaf helst uppúr í minningunni. Fyrir utan það hjálpaði vikuplanið á námsefni að aga mann í að bera ábyrgð sjálfur á því hvort maður vinnur verkin eða ekki.

Kennslan og kennararnir mjög góðir, fjölbreytt úrval af góðum og skemmtilegum áföngum.

Vel skipulagt og markvisst, auðvelt að fylgja áætlun og stunda fjarnám við skólann. Kennarar og starfsfólk sem ég átti í samskiptum við var alltaf mjög almennilegt og lausarmiðað.

Fékk frjálsa mætingu og gat þar að leiðandi unnið meira. Það eru ekki lokapróf og það



---

*hentar mér mjög vel þar sem ég er með mikinn kvíða og lagði þá meira á mig fyrir verkefni. Gott aðgengi að kennurum.*

*Kennarar, uppsetning náms og hvernig komið var fram við nemendann, ég var nafn og persóna en ekki bara kennitala á blaði! Get ekki þakkað ykkur nógsamlega fyrir tækifærin sem þið gáfuð mér og hjálpina og allt hitt*

*Persónuleg kennsla og auðvelt að hafa samband við kennara, fjölbreytt nám*

*Starfsfólkið var til fyrirmyndar. Að vinna jafnt og þétt yfir misserið var góður undirbúningur fyrir háskólanám.*

*Fjölbreytt val á áföngum. Mikið af ípróttagreinum. Góðir kennarar sem kunna fagið sitt og eru góðir að miðla réttum upplýsingum áfram.*

*Tæknivæn og auðvelt að koma til móts við nemendur ef eitthvað kemur upp á í persónulífi.*

*Persónulegur skóli og frábært starfsfólk. Gæðanám og svo vel upp sett og akipuæagt.*

*Í heimabyggð. Lotu áfangar og hægt var að klára menntaskólann á 3 árum.*

*Lærdómsrík nám sem bauð uppá lítið sem ekkert stress á námi.*

*Skemmtilegur og lifandi skóli. Frábærir kennarar. Þessi tími sem ég var í skólanum er mögulega einn besti tími lífs míns. Sakna hans mikið.*

*Rosalega vel uppsett nám. Gott aðgengi að kennurum, þeir veita manni alla þá aðstoð sem þarf og svara skilaboðum fljótt. Verkefni í áföngum voru mismunandi og breytileg og því skemmtilegt að vinna þau.*

*Persónulegur og fannst ég tilheyra. Kennararnir frábærir og þegar að maður hringdi varðandi eitthvað þá var alltaf munað nafnið á manni og forsögu. Sanngjarnt verð !!*

*Símatíð. Það hentaði mér rosalega vel því ég er með mikinn prófkvíða, ég lærði líka allt námsefni mun betur heldur en ég hefði gert fyrir lokapróf. Ég man td eftir flest öllu sem ég lærði í MTR en hef gleymt öllu sem ég þurfti að mæta í lokapróf í.*

*Öll verkefni voru gerð í tölvu, mjög þæginglegt Moodle. Vikuskil sun-sun Hægt að útskrifast á 2 og hálfu ári og hjálpin við það.*

*Læra að vinna og að hafa skilafrest í hverri viku. að geta stjórnað sjálfur hvenær þú gerir það og stór plús að hafa símat og lítið sem ekkert*



af prófum.

### Hverjir eru helstu gallarnir við námið í MTR? (opin spurning).

Alls svöruðu 116 stúdentar þessar spurningu. Orðaský með samtekt þeirra svar má sjá hér fyrir neðan.

#### Q11 Hverjir voru helstu kostirnir við námið í MTR?

ekki það eru ekki þegar hentar mér mjög skipulagt það hentaði mér Þægilegt í hverri viku  
Fjarnámið að útskrifast Símatíð hægt að að ég er kennarar til að gott Að geta með  
mjög vel líka það Gott aðgengi að Engin lokapróf Engin próf á  
Það var Í manni og að læra Símat góðir kennarar fyrir Hvernig  
Fjarnám frábært nám eins allt ekki lokapróf mér ég lærði Var í MTR að ég  
sem er lokapróf Frábærir kennarar Ef þar sem ég Sveigjanleiki ég var í  
aðgengi að kennurum mér mjög vel Við eru ekki lokapróf mig verkefni

Af þeim sem svöruðu þessari spurningu (N=116) reyndust 47,4% ekki nefna neina galla og taka það fram. Rúmlega helmingurinn eða 52,5% nefndi einhverja galla. Af þeim sem nefndu galla (N=61) nefndu 22% skort á félagslífi. Það kemur t.d. fram í svörum eins og sjá má hér fyrir neðan:

„Stuðningur við nemendafélag vantaði þegar ég var þar.“

„Lítið sem ekkert félagsstarf, eins og til dæmis nemendafélög sem skipuleggja viðburði.“

„Lítið félagslíf var í skólanum þegar ég var í honum. Hann var nýr og vantaði alla hefðir.“

„Frekar lítil skóli fyrir félagslíf, sem er mikilvægur hluti í lífi unglinga.“

Við nánari skoðun á opnu svörum varðandi gallana (N=61) má sjá svör eins og:

*Mér fannst óhentugt þegar var troðið fjarnemum saman í hópaverkefni, erfitt að ná saman með hinum nemendum sem maður þekkir ekki og allir með ólíka dagskrá. Vil frekar vinna verkefnin sjálf svo ég geti treyst 100% á sjálfan mig. Hefði mátt vera val.*

*Alltof mikið af videoverkefnum, þar sem ætlast er til að nemendur setji verkefni inná youtube þar sem nemandi á að lesa eða leika inná video.*

*Helsti gallinn að mínu mati er að maður kann ekki að taka próf eins og þau eru í háskóla en maður kann þó að læra fyrir próf.*

*Að verkefnin komu oft ekki inn fyrir en seint í vikunni.*

*Það hefði mátt vera meir um kynningar og stærri verkefni því þau skilja meira eftir sig*

*Skipulag í sumum áföngum væri hugsanlega hægt að bæta. Annars heilt yfir nokkuð gott.*

*Það var mjög erfitt fyrst að hafa alltaf svona mikið sem þurfti að gera í hverri viku*

*Skortur á nokkrum fjölbreyttari áföngum en bara útaf þetta er lítill skóli og reynt er að gera eins vel og hægt er*

*Passa þarf að útskýra alla áfanga sem þarf að fara í fyrir nemendur. Lenti í því að þurfa að tala við 3 kennara til að vita hvað einn íslensku áfangi væri og þá kom í ljós að þetta væri val áfangi í íslensku sem átti að velja úr því sem var í boði þá önnina þannig ég þurfi að fara í íslensku áfanga sem ég hafði engan áhuga á því að hann var sá eini sem var í boði þá önnina Stuðningur við nemendafélag vantaði þegar ég var þá*

*Mikil hópavinna, mikið um að þurfa teikna og skapa þrátt fyrir að vera ekki á braut sem tengdist því á nokkurn hátt, búa til ýmis myndbönd og setja á netið og þegar maður varð að búa til kennsluefni í sumum áföngum.*

*Eini gallinn að mínu mati var að vera látin vinna hópavinnu þegar ég var eingöngu í fjarnámi. Mjög erfitt að vinna verkefni í hóp þegar maður var að stunda 150% vinnu með náminu en restin af hópnum var heimavinnandi og hafði tök á að spjalla saman á daginn og vinna verkefnið.*

*Það var ekki mikill sveigjanleiki með skil. Ég skil alla jafna rökin fyrir því en fyrir fólki í vinnu gat þetta stundum verið mikið stress á sunnudögum að rembast við að klára og skila.*

*Áfangar eru mjög mismunandi og mér finnst að það ætti að vera meira eftirlit með kennurum varðandi hvað þeir eru að setja í áfangana sýna. Sumir áfangar taka 1-2 klukkutíma á viku og aðrir 6-7 tíma. Spænskan er einstaklega slæm í þessu*

*Það var ekki gott að kennarar skiluðu verkefnum seinna svo að maður vissi ekki hvort maður væri að gera rétt eða ekki*

*Gallarnir voru að þegar að háskólanámi kom þá voru þar fyrsta árið engin verkefni heldur einungis loka próf, var því illa undirbúin fyrir það og að skipuleggja mig þannig. Kunni ekki að glósa og þess háttar*

*Líka galli að það eru engin próf. Það er í raun enginn undirbúningur fyrir þá sem ætla í háskóla að hafa ekki próf  
Viðmótið á moodle er rosalega úrelt að mínu mati og þarfnast uppfærslu*

### Myndir þú mæla með MTR við aðra?

#### Q13 Myndir þú mæla með MTR við aðra?



Alls svöruðu 148 þessari spurningu og af þeim myndu tæplega 90% mæla með MTR við aðra. 12% svöruðu já og nei, en einungis einn myndi alls ekki mæla með MTR við aðra.

**Annað sem þú vilt taka fram að lokum (opin spurning).** Alls svöruðu 31 þessari spurningu. Hér má sjá svör eins og:

*Þið eruð frábær*

*Takk fyrir að gera mér kleift að útskrifast þó ég væri í vinnu og með tvö börn.*

*geggjaður skoli , fjarnámið bjargaði mér hefði annars örugglega aldrei klárað stúdent*

*Ég hef mælt með MTR við ótal fólks sem hafa átt erfitt með að klára stúdentspróf*

*Ég er þakklát fyrir MTR og ef ég hefði ekki komið til ykkar og fengið þessa persónulega þjónustu sem ég þurfti á að halda hefði ég örugglega ekki klárað námið.*

*Var ánægð að stunda nám við MTR og þótti mér skólinn framúrstefnulegur.*

*Takk fyrir mig ;) Frábær skóli með frábæru starfsfólki !*

*Skólinn er mjög Flottur fyrir þá sem vilja bara að klára stúdent og vita ekki framhaldið. Því það eru svo góð fjölbreyttni í námi. Samt finnst mér skólinn ekki vera nogu goður grunnur fyrir háskóla stig*

*Mér líkar vel við símat, mér finnst ég hafa lært efnið vel, en það gerði mig þó óundirbúna fyrir lokaðróf í háskóla.*

*Takk fyrir mig! Get ekki sett út á neitt! Þið eruð persónuleg þó öll samskipti fóru fram í tölvu*

Ég hef nú þegar oft mælt með MTR 😊

Mætti bæta við tölvubraut

Elska ykkur öll

Ég er mjög ánægð að hafa farið í MTR, hefur hjálpað mér mikið og gefið með auka þekkingu sem aðrir skólar hefðu ekki gefið mér.


Bara takk fyrir mig :) Ég hef oft mælt með ykkur og mun halda því áfram

Auðvelt fyrir þá sem eiga erfitt með skóla eða próf

Sakna skólans sem ég bjóst aldrei við að ég myndi segja

Núverandi staða þín (hægt er að velja um fleiri en eitt).

## Q15 Núverandi staða þín ( hægt að velja um fleiri en eitt)



Af þeim sem svöruðu (N=148) skilgreindi rúmlega helmingur sig í fullu starfi, 43% í námi á háskólastigi og 25% í hlutastarfi.